

## Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við meðferð langveikra og alvarlega fatlaðra barna erlendis.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Greiðir Tryggingastofnun ríkisins allan kostnað við meðferð langveikra og alvarlega fatlaðra barna erlendis og ef svo er ekki, hversu mikinn hluta kostnaðarins greiðir stofnunin?
2. Greiðir Tryggingastofnun ríkisins foreldrum eða fylgdarmönnum dagpeninga á þessum ferðum og er þá um að ræða fulla dagpeninga? Ef svo er ekki, um hvaða upphæðir er að ræða skipt eftir löndum, borgum og öðru sem áhrif hefur á upphæðina?

Skriflegt svar óskast.